

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 46. gr. samþykktarinnar:

- a) 18. töluliður C-liðar 46. gr. verður svohljóðandi:
Öldungaráð. Í öldungaráði sitja sjö fulltrúar og fjórir til vara. Þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að loknum bæjarstjórnarkosningum, og einn til vara. Félag eldri borgara á Eyrarbakka kys einn fulltrúa og annan til vara. Félag eldri borgara á Selfossi kys einn fulltrúa og annan til vara. Umsjónarmenn félagsstarfs á Stokkseyri kjósa einn fulltrúa og annan til vara. Heilbrigðisstofnun Suðurlands tilnefni einn fulltrúa. Bæjarstjórn tilnefnir formann ráðsins en ráðið kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og aldursdreifingu. Deildarstjóri stoð- og stuðningsdeildar skal sitja fundi ráðsins og hefur málfrelsi og tillögurétt.
- b) Við C-lið bætist nýr töluliður sem verður 19. töluliður svohljóðandi:
Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Í samráðshópnum skulu sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrír til vara og þrír fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks og þrír til vara. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skuli viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.
- c) Við greinina bætist nýr liður, D-liður ásamt fyrirsögn og tveimur töluliðum svohljóðandi:
D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:
1. *Hverfisráð.* Hverfisráð Sveitarfélagsins Árborgar skulu vera fjögur talsins og starfa á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og í fyrrum Sandvíkurhreppi. Hvert hverfisráð skal skipað fimm fulltrúum og tveimur varamönnum kosnum af bæjarstjórn samkvæmt samþykktum ráðsins. Fulltrúar í hverfisráð eru kosnir til tveggja ára í senn.
 2. *Ungmennaráð Árborgar.* Ungmennaráð skal skipað níu fulltrúum og fjórum til vara. Bæjarstjórn skipar ungmennaráð formlega eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi ungmennaráðs. Kjörtímabil ráðsins er frá upphafi árs til áramóta ár hvert. Hluti fulltrúa skal sitja í ráðinu eitt kjörtímabil en hinn helmingurinn í tvö kjörtímabil.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2. júlí 2019.

F. h. r.

Ingilín Kristmannsdóttir.

Stefanía Traustadóttir.